



UPPELDISTÆKNI OG TÆKNIUPPELDI

Ábendingar til foreldra og forráðamanna

Tæknileg úrræði

Hægt er að takmarka aðgengi nemenda að netinu heima fyrir með einföldum stillingum á netbeini heimilisins. Netþjónustufyrirtæki veita nánari upplýsingar.

Hægt er að stilla leitarvél í spjaldtölvunni svo hún takmarki aðgang að óæskilegu efni.

Ýmis konar píp og hljóð í spjaldtölvunni geta verið truflandi en einfalt er að slökkva á þeim.

Nemendur eiga að koma með spjaldtölvuna fullhlaðna í skólann á hverjum degi. Best er að hlaða spjaldtölvuna yfir nótt í öðru herbergi en þar sem nemandi sefur.

Hægt er að loka aðgengi nemanda að neti, myndavél eða App Store með stillingum og einnig er hægt að takmarka notkun spjaldtölvunnar við eitt app í einu.



Möguleikar spjaldtölvunnar

Spjaldtölvun er námstæki sem nýtist nemendum til þess að sækja sér fróðleik eða upplýsingar um margt annað en það sem er á dagskrá skólans.

Þegar eru farin að sjást dæmi þess að nemendur nýti sér spjaldtölvuna í þessum tilgangi, til dæmis í tengslum við listir og íþróttir, í tungumálanámi eða önnur áhugamál.

Einnig má benda á að fjölmargir leikir fyrir spjaldtölvur geta stutt við nám, t.d. eflingu rökhugsunar.

Tæknileg úrræði (myndbönd)
Sjá: <https://vimeo.com/album/4388728>



Stuðningur skóla

Eins og fram kemur í samningi um afnot af spjaldtölvu er notkun þess á ábyrgð nemanda. Eigi nemandi í erfiðleikum með að axla þá ábyrgð þurfa foreldrar og skóli að vinna saman að lausn.

Hægt er að útbúa samning sem nemandi, kennari og foreldri/ forráðamaður undirrita þar sem er kveðið á um hvernig notkun spjaldtölvunnar skuli háttáð. Til dæmis má þannig setja reglur um hve lengi nemandi megi nota spjaldtölvuna sem leiktæki, hvenær eigi að leggja spjaldtölvuna frá sér á kvöldin, hvar hún skuli hlaðin á nóttunni (ekki við rúmið) og annað í þeim dúr.

Stundum getur það hjálpað að spjaldtölvun sé geymd í skólanum tímabundið. Þegar nemandi er treyst til þess að hafa spjaldtölvuna með heim er hægt að gera samning eins og lýst er hér að ofan.

Einnig er hægt að leita ráða hjá námsráðgjafa skóla eða skólasálfræðingi ef þörf krefur.

Foreldrar fylgist með

Það á að vera sjálfsagt mál að foreldrar fylgist með hvað er inni á spjaldtölvum barna sinna. Þess vegna fá foreldrar aðgangsorð og leylinúmer send frá umsjónarkennara þegar spjaldtölvurnar eru afhentar.

Nemendum er ekki heimilt að breyta aðgangsupplýsingum án þess að láta foreldra og umsjónarkennara vita.

Apple býður upp á þann möguleika fyrir notendur að tengja símanúmer við AppleID-aðganginn. Þetta getur valdið talsverðum tögum á þjónustu tölvudeildar Kópavogs og er því alls ekki mælt með því að þetta sé gert.

Foreldrar þurfa að hafa í huga að sumir leikir henta ekki öllum aldurshópum. Í App Store má sjá merkingar sem gefa þetta til kynna. Eins eru flestir samfélagsmiðlar ætlaðir börnum eldri en 13 ára og er nauðsynlegt að foreldrar séu meðvitaðir um aldurstakmarkanir á þeim.

Mikilvægt er að foreldrar ræði saman sín á milli og komi sér saman um að framfylgja reglum um aldurstakmörk, líkt og oft er gert í tengslum við útivistartíma barna.

Notkun greiðslukorta

Foreldrar geta notað greiðslukort til að kaupa forrit í App Store ef áhugi er fyrir því. Afar mikilvægt er þó að kortanúmer sé hreinsað út af spjaldtölvunni til að fyrirbyggja óvæntan kostnað, en í sumum leikjum er til dæmis hægt að kaupa sér viðbætur innan forritsins.

Ef foreldrar eiga AppleID sjálfir er einnig mögulegt að kaupa forritin í annarri tölvu og senda nemandanum og er sú leið öruggari. Sjá hér: <http://spjaldtolvur.kopavogur.is/media/leidbeiningar/Ad-gifta.pdf>

Hafa þarf í huga að einungis er leyfilegt að sækja forrit í App Store. Forrit sem sótt eru á aðra staði, eins og t.d. vShare, eru ekki leyfilegt af öryggisástæðum.